

Könnun á viðhorfum notenda til heimahjúkrunar

Erla Björg Sigurðardóttir
Ægir Hugason
Tinna Björg Sigurðardóttir

Nóvember
2015

YFIRLIT

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	3
2.	Aðferð og Framkvæmd	3
2.1	Úrtak	3
2.2	Svörun	3
3.	Helstu niðurstöður	4
5.	Samanburður á viðhorfskönnun árið 2009, 2011 og 2015	14
6.	Samantekt	19
7.	Viðaukar	20
7.1	Viðauki A	20
7.2	Viðauki B	21

Mynd 1:	Skipting þátttakenda eftir kyni	5
Mynd 2:	Þjónustubættir heimahjúkrunar	8
Mynd 3:	Aðstoð við einn þjónustubátt	8
Mynd 4:	Aðstoð við tvo þjónustubætti	9
Mynd 5:	Aðstoð við þrjá eða fleiri þjónustubætti	9
Mynd 6:	Ánægja/óánægja með þjónustuna	10
Mynd 7:	Fær heimahjúkrun miðað við þörf	11
Mynd 8:	Ánægja/óánægja með hvenær þjónustan er veitt	11
Mynd 9:	Fær félagslega heimaþjónustu	12
Mynd 10:	Heimilishagir þátttakenda	12
Mynd 11:	Húsnæði þátttakenda	13
Mynd 12:	Svörun á spurningalistanum	13

Graf 1:	Skipting þátttakenda eftir aldri	5
Graf 2:	Aldur þátttakenda í könnun og notenda heimahjúkrunar	6
Graf 3:	Hversu oft er vitjun heimahjúkrunar	6
Graf 4:	Hvernig hefur heimahjúkrun verið háttað	7
Graf 5:	Ástæða heimahjúkrunar	7
Graf 6:	Stuðlar heimahjúkrun að því að þátttakandi geti búið lengur heima	10
Graf 7:	Hversu oft er vitjun heimahjúkrunar, samanburður milli ára	14
Graf 8:	Hvernig hefur heimahjúkrun verið háttað, samanburður milli ára	15
Graf 9:	Ástæða heimahjúkrunar, samanburður milli ára	15
Graf 10:	Stuðlar að því að geta búið lengur heima, samanburður milli ára	17
Graf 11:	Ánægja/óánægja með hvenær þjónustan var veitt, samanburður milli ára	17
Graf 12:	Heimilishagir þátttakenda, samanburður milli ára	18
Graf 13:	Húsnæði þátttakenda, samanburður milli ára	18
Graf 14:	Svörun á spurningalistanum, samanburður á milli ára	19

INNGANGUR

1. INNGANGUR

Í tilefni breytinga á heimahjúkrun í Reykjavík 2009 með það að markmiði að bæta þjónustu í heimahjúkrun var gerð þjónustukönnun meðal notenda heimahjúkrunar sama ár. Könnunin var gerð aftur árið 2011 og nú árið 2015 til að fylgja eftir markmiði um að bæta þjónustuna.

2. AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD

Spurningalistakönnun á viðhorfum notenda heimahjúkrunar var framkvæmd í apríl þar sem sendir voru í pósti spurningalistar til notenda heimahjúkrunar sem voru í úrtaki. Spurningalistinn innihélt samtals fjórtán spurningar sem voru þær sömu og í könnunum árin 2009 og 2011.

2.1 ÚRTAK

Rannsakandi fékk aðgang að nöfnum og kennitölum úr teymisbókum heimahjúkrunar Reykjavíkur. Lagskipt úrtak sem tók bæði tillit til búsetu og aldursdreifingar var tekið úr teymisbókunum í apríl 2015. Þýðið taldi 907 einstaklinga og voru 366 einstaklingar í úrtakinu.

2.2 SVÖRUN

Alls bárust 143 svör og var svarhlutfall 39,1%.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Niðurstöður sýna að af þeim þátttakendum sem svöruðu spurningalistanum í könnun um viðhorf notenda til heimahjúkrunar 2015 voru konur í meirihluta eða 66,4%.
- Flestir voru á aldrinum 81-95 ára eða 64,2%. Elsti var 98 ára og yngsti 38 ára.
- Þeir sem fengu heimahjúkrun vikulega voru 31,5% þátttakenda og 30,1% þátttakenda fengu heimahjúkrun á hverjum sólarhring, flestir 1-3 sinnum á sólarhring.
- 48,3% svarenda höfðu fengið heimahjúkrun samfellt í langan tíma og 35,7% kváðust vera að fá heimahjúkrun í fyrsta sinn.
- Flestir eða 60,8% svarenda sögðust fá heimahjúkrun vegna langvarandi veikinda eða fötlunar.
- Flestir þátttakendur fengu aðstoð við böðun eða 62,9% og 32,2% fengu aðstoð við lyfjagjöf.
- Af þeim þátttakendum sem svöruðu könnuninni voru 81,1% ánægðir með heimahjúkrunina sem viðkomandi fékk.
- Tæplega 75% þátttakenda sögðu að heimahjúkrun sem viðkomandi fékk hjálpi honum/henni mjög mikið eða frekar mikið að búa lengur á eigin heimili.
- 84,6% þátttakenda sögðust fá heimahjúkrun miðað við þörf.
- 79% voru ánægðir með á hvaða tíma dags þjónustan var veitt.
- 40,6% svarenda fengu félagslega heimaþjónustu með heimahjúkruninni.
- Langflestir þátttakenda í þessari könnun bjuggu einir eða rúmlega 60,8% og tæplega 32,2% þátttakenda bjuggu með maka.
- Í eigin húsnæði bjuggu 73,4% þátttakenda og að auki 13,3% í húsnæði sem er sérstaklega ætlað öldruðum og í þeirra eigu.
- Flestir svöruðu spurningalistanum án aðstoðar eða 49,7% og 37,8% nutu aðstoðar ættingja við að svara honum.

Samanburður við kannanir framkvæmdar árið 2009 og 2011


- Þegar var gerður samanburður á könnun á heimahjúkrun 2011 við 2009 þá kom í ljós að sólarhringsvitjunum fækkaði árið 2011, en fjölgaði aftur 2015. Vikulegum vitjunum fjölgaði á milli áranna 2009 og 2011, en fækkaði árið 2015.
- Yfir 90% þátttakenda í báðum könnunum voru ánægðir með þjónustu heimahjúkrunar árin 2009 (94,4%) og 2011 (91,5%), en var 81,1% árið 2015.
- Þátttakendum sem fengu bæði heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu fækkaði um 22% í könnuninni árið 2011 borið saman við könnunina árið 2009 úr 69,4% í 47,3%. Þeim fækkaði enn árið 2015 þá sögðust 40,6% einnig hafa fengið félagslega heimaþjónustu.
- Færri einstaklingar bjuggu með maka í könnuninni 2011 en í könnuninni 2009, munurinn var 7%. Árið 2015 voru fleiri sem bjuggu með maka og færri bjuggu einir.
- Svipað hlutfall var á milli kynjanna árin 2009 og 2011, konur voru rúmlega 74% svarenda og karlar rúmlega 25%. Árið 2015 voru konur fleiri en karlar, en körlum hafði fjölgað í 32,2%.
- Flestir voru á aldrinum 80-95 ára. Aldursdreifing í könnuninni 2011 var meiri en hin árin, yngsti var fæddur 2007 og elsti 1908. Árið 2009 var elsti fæddur 1913 og sá yngsti 1960 og árið 2015 var elsti einstaklingurinn fæddur 1917 og yngsti 1977.

NIÐURSTÖÐUR

4. NIÐURSTÖÐUR

Mynd 1 sýnir skiptingu þátttakenda sem svöruðu spurningalistanum um könnun á viðhorfum notenda til heimahjúkrunar 2015 eftir kyni. Konur voru 66,4%.


MYND 1: SKIPTING ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI



141 einstaklingar svöruðu spurningunni

Graf 1 sýnir skiptingu þátttakenda könnunarinnar eftir aldri. Flestir voru á aldrinum 81-95 ára eða 64,2%. Elsti var 98 ára og yngsti 38 ára.


GRAF 1: SKIPTING ÞÁTTTAKENDA EFTIR ALDRI



141 einstaklingar svöruðu spurningunni


Graf 2 sýnir samanburð á aldursdreifingu þátttakenda í könnuninni og aldursdreifingu notenda heimahjúkrunar í apríl 2015. Í grafi 2 kemur fram að dreifing aldurs þátttakenda í könnuninni er nokkuð samsvarandi dreifingu aldurs notenda heimahjúkrunar áður greindu tímabili.

GRAF 2: ALDUR ÞÁTTTAKENDA Í KÖNNUN OG NOTENDA HEIMAHJÚKRUNAR



Graf 3 sýnir hversu oft þátttakendur fengu heimahjúkrun. Mælieiningin var vikur og sólarhringur. Af þeim notendum sem fengum heimahjúkrun vikulega fengu 31,5% þátttakenda heimahjúkrun einu sinni í viku. Af þeim sem fengu heimahjúkrun á sólarhring fengu flestir 1-3 sinnum á sólarhring eða 30,1%. Fæstir eða 0,7% fengu heimahjúkrun 4 sinnum eða oftár á sólarhring.


GRAF 3: HVERSU OFT ER VITJUN HEIMAHJÚKRUNAR



141 einstaklingar svöruðu spurningunni

Graf 4 sýnir hversu oft eða lengi þátttakendur hafa fengið þjónustu frá heimahjúkrun. Flestir eða 48,3% svarenda sögðu að þeir hafi fengið heimahjúkrun samfelld í langan tíma og 35,7% sögðu að þeir væru að fá heimahjúkrun í fyrsta sinn. Fæstir eða 2,8% höfðu fengið heimahjúkrun nokkrum sinnum yfir ævina.


GRAF 4: HVERNIG HEFUR HEIMAHJÚKRUN VERIÐ HÁTTAÐ



135 einstaklingar svöruðu spurningunni

Graf 5 sýnir ástæðu fyrir því að þátttakendur óska eftir heimahjúkrun. Flestir eða 60,8% svarenda sögðust fá heimahjúkrun vegna langvarandi veikinda eða fötlunar. Tæplega 8,4% sögðust fá heimahjúkrun tímabundið vegna útskriftar af sjúkrahúsi og 21% nýtti sér svarmöguleikann annað.

GRAF 5: ÁSTÆÐA HEIMAHJÚKRUNAR




141 einstaklingar svöruðu spurningunni

Undir annað var nefnt:

- Eftirlit vegna sykursýki
- Mæla blóðþrýsting
- Öldrun
- Blóðtaka
- Eftirlit með lyfjum/lyfjagjöf/B 12 sprautur
- Heilabilun
- Veikindi maka
- Nýrnasjúkdómur
- Hjartabilun


Spurt var hvers konar heimahjúkrun viðkomandi einstaklingur hafi fengið. Svarandi var beðinn um að merkja við öll þau atriði sem ættu við um hann. Hér var talið upp aðstoð við böðun, aðstoð við að klæðast og/eða hátta, lyfjagjöf, sárameðhöndlun og annað. Notandi gat merkt við fleiri en eitt atriði. Mynd 2 sýnir að flestir fengu aðstoð við böðun eða 62,9%, 32,2% aðstoð við lyfjagjöf og 23,8% svarenda merktu við svarmöguleikann annað en ekki var beðið um nánari skýringu á hvað fælist í því.

MYND 2: ÞJÓNUSTUÞÆTTIR HEIMAHJÚKRUNAR




Mynd 3 sýnir hlutfall þátttakenda sem sögðust hafa fengið einn þjónustubátt frá heimahjúkrun. Flestir sem höfðu fengið einn þjónustubátt sögðust hafa fengið aðstoð við bað eða 48% og þar á eftir aðstoð við lyfjagjöf eða 23,2%.

MYND 3: AÐSTOÐ VIÐ EINN ÞJÓNUSTUÞÁTT




Mynd 4 sýnir hlutfall þátttakenda sem sögðust hafa fengið tvo þjónustupætti frá heimahjúkrun. Flestir sögðust hafa fengið aðstoð við bað og að klæðast/hátta eða 28,9%. Næst flestir fengu aðstoð við bað og lyfjagjöf eða 22,2%.

MYND 4: AÐSTOÐ VIÐ TVO ÞJÓNUSTUPÆTTI




Mynd 5 sýnir hlutfall þátttakenda sem sögðust hafa fengið þrjá eða fleiri þjónustupætti frá heimahjúkrun. Flestir sögðust hafa fengið aðstoð við bað, klæðast/hátta og lyfjagjöf eða 35,7%.

MYND 5: AÐSTOÐ VIÐ ÞRJA EÐA FLEIRI ÞJÓNUSTUPÆTTI



Mynd 6 sýnir að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda í könnuninni, eða 81,1% voru ánægðir með þá heimahjúkrun sem þeir fengu. 14,7% sögðust hvorki ánægðir eða óánægðir með þjónustuna og 2,1% voru óánægðir.


MYND 6: ÁNÆGJA/ÓÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTUNA



140 einstaklingar svöruðu spurningunni

Graf 6 sýnir að 50,3% þátttakenda sögðu heimahjúkrun sem viðkomandi fékk hjálpi honum/henni mjög mikið til að búa lengur á eigin heimili. Heimahjúkrunin hjálpar frekar mikið til að búa lengur á eigin heimili að mati 24,5% þátttakenda. 11,2% merktu við svarmöguleikann veit ekki og 4,9% sögðu að þessi þjónusta hjálpaði þeim frekar lítið og 4,9% mjög lítið til að búa lengur á eigin heimili.

GRAF 6: STUÐLAR HEIMAHJÚKRUN AÐ ÞVÍ AÐ ÞÁTTTAKANDI GETI BÚIÐ LENGUR HEIMA



137 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 7 sýnir að 84,6% þátttakenda sögðust fá heimahjúkrun miðað við þörf, 10,5% töldu sig ekki fá heimahjúkrun miðað við þörf. Þeir sem svöruðu þessari spurningu neitandi voru spurðir hvernig mætti bæta þjónustuna. Eftirfarandi svör fengust:

- Þarf aðstoð við að klæðast
- Þarf betri þrif, böðun oftari, félagslega aðstoð
- Þarf sterk verkjalyf
- Þarf meiri aðstoð við allt

- Þarf fleiri mælingar á blóðsykri og eftirfylgd
- Þarf 4 klst. þjónustu á mánuði í stað 2 klst.
- Þjónusta er of stopul
- Þarf aðstoð við að klæðast og þarf meiri aðstoð við eiginkonu
- Þarf meiri hjálp en bara við bað einu sinni í viku
- Þarf meiri tíma í hvert skipti og ekki nýtt fólk í hvert skipti
- Þarf hjálp við innkaup og keyrslu til læknis
- Þarf aðstoð fyrir eiginkonu 2 tíma á mánuði við þrif
- Þarf meiri hjálp við innkaup, þrif og matseld (þrif eru ekki góð)
- Þarf meira öryggi og heimahjúkrun þarf að vera skipulagðari


MYND 7: FÆR HEIMAHJÚKRUN MIÐAÐ VIÐ ÞÖRF



136 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 8 sýnir hlutfall þátttakenda sem voru ánægðir eða óánægðir á hvaða tíma þjónusta heimahjúkrunar var veitt. Þeir sem sögðust vera ánægðir með á hvaða tíma dags þjónustan var veitt voru 79% og einungis 0,7% var óánægð/ur með tímasetningu á heimaþjónustu.


MYND 8: ÁNÆGJA/ÓÁNÆGJA MEÐ HVENÆR ÞJÓNUSTAN ER VEITT



137 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 9 sýnir að hlutfall svarenda sem fékk einnig félagslega heimaþjónustu var 40,6 %.


MYND 9: FÆR FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU



137 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 10 sýnir heimilishagi þátttakenda. Langflestir bjuggu einir eða 60,8% og 32,2% þátttakenda bjuggu með maka.


MYND 10: HEIMILISHAGIR ÞÁTTTAKENDA



142 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 11 sýnir að flestir bjuggu í eigin húsnæði, 73,4% bjó í eigin íbúð og 13,3% í eigin íbúð sem er sérstaklega ætlað öldruðum.

MYND 11: HÚSNÆÐI ÞÁTTTAKENDA



142 einstaklingar svöruðu spurningunni

Mynd 12 sýnir hvernig þátttakendur svöruðu spurningalistanum. Flestir svöruðu spurningalistanum án aðstoðar eða 49,7% og 37,8% nutu aðstoðar ættingja.

MYND 12: SVÖRUN Á SPURNINGALISTANUM



141 einstaklingar svöruðu spurningunni


5. SAMANBURÐUR Á VIÐHORFSKÖNNUN ÁRIÐ 2009, 2011 OG 2015

Eins og áður segir gerði velferðasvið Reykjavíkurborgar könnun á viðhorfum notenda til heimahjúkrunar árið 2009, 2011 og nú árið 2015. Þýði til grundvallar úrtaks var 864 og fjöldi í úrtaki 179 árið 2009, 2011 var þýði 944 og úrtak 281 og 2015 var þýði 907 og úrtak 366. Svarhlutfallið jókst aðeins árið 2011 en var minna nú árið 2015. Árið 2009 svöruðu 92 einstaklingar af 179 manna úrtaki eða 51,4%, en 167 einstaklingar af 281 árið 2011 eða 59,4%. Árið 2015 svöruðu 143 af 366 manna úrtaki eða 39,1%. Í öllum þrem könnunum svöruðu konur frekar en karlar.

Þátttaka í könnuninni árið 2011 náði yfir stærra aldursbil notenda heimahjúkrunar, en 2009 og 2015. Elsti þátttakandinn sem svaraði árið 2011 var fæddur árið 1908 og yngsti 2007. Árið 2009 var elsti þátttakandinn sem svaraði fæddur 1913 og yngsti fæddur árið 1960. Árið 2015 var elsti þátttakandi fæddur 1917 og yngsti 1977. Í öllum könnunum voru stærstu hóparnir á aldrinum 80-95 ára.


Graf 7 sýnir hlutfall vitjana samkvæmt svörum þátttakanda á árunum 2015, 2011 og 2009. Þegar samanburður var gerður á vitjun heimahjúkrunar til þátttakanda kom í ljós að sólarhringsvitjunum fækkaði milli 2009 og 2011, en fjölgaði aftur 2015 þ.e. 1-3 sinnum á sólarhring. Fjölgun var á milli áruna 2009 og 2011 á vitjunum vikulega og tvisvar til sex sinnum í viku, en fækkun í báðum tilfellum árið 2015. Fækkun var á milli áruna 2009 og 2011 varðandi vitjanir á tveggja vikna fresti og fjölgaði svo aftur 2015. Þátttakendum sem fengu heimahjúkrun 4 sinnum eða oftár á sólarhring fækkaði um 2% á milli 2009 og 2011 og var 0,7% árið 2015.

GRAF 7: HVERSU OFT ER VITJUN HEIMAHJÚKRUNAR, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA




Graf 8 sýnir hvernig heimahjúkrun var háttað hjá þátttakendum á árunum 2015, 2011 og 2009. Samanburður sýnir að þeim fækkaði um 4% sem fengu heimahjúkrun í fyrsta sinn á milli áruna 2009 og 2011, en fjölgaði um 13,5% árið 2015 eða úr 22,2% í 35,7%. Tæp 4% fjölgun var hjá þeim sem höfðu haft heimahjúkrun lengi árið 2011 og fækkaði um 16,4% árið 2015 úr 64,7% í 48,3%. Þátttakendum fækkaði um 2% milli áruna 2009 og 2011 sem fengu heimahjúkrun af og til, en var sama hlutfall árið 2015. Lítil sem enginn munur var meðal þeirra sem höfðu fengið heimahjúkrun nokkrum sinnum yfir ævina öll þrjú árin.

GRAF 8: HVERNIG HEFUR HEIMAHJÚKRUN VERIÐ HÁTTAÐ, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Graf 9 sýnir ástæðu fyrir því af hverju þátttakandinn sótti um heimahjúkrun á árunum 2015, 2011 og 2009. Árið 2011 fjölgaði þátttakendum um 3,5% sem höfðu fengið heimahjúkrun vegna langvarandi veikinda og fækkaði um 13% árið 2015. Þeim fjölgaði um 2,9% sem fengu heimahjúkrun vegna útskriftar af sjúkrahúsi á milli árunna 2009 og 2011, en fækkaði örlítið árið 2015. Árið 2011 fækkaði þátttakendum um 1,9% sem höfðu fengið heimahjúkrun vegna tímabundinna veikinda eða slysa, en fjölgaði um 2,7% árið 2015. Liðnum „Annað“ fækkaði um 6,7% milli árunna 2009 og 2011, en fjölgaði um 12% árið 2015.


GRAF 9: ÁSTÆÐA HEIMAHJÚKRUNAR, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Graf 10 sýnir að litlar breytingar voru á hlutfalli þjónustubátta sem þátttakendur höfðu fengið, þeim fjölgaði um 2% sem höfðu fengið aðstoð við böðun úr 57% árið 2009 í 62,9% árið 2015. Árið 2011 fækkaði um 2% meðal þeirra sem fengu aðstoð við að klæðast eða hátt og fjölgaði aftur um rúm 4% árið 2015. Þátttakendum fækkaði um 11% sem höfðu fengið aðstoð við lyfjagjöf árið 2011 og fjölgaði um


3,2% árið 2015. Þeir sem fengu aðstoð við annað fækkaði um 11% 2011 og fjölgaði um 2,1% árið 2015. Lítill munur var á þeim sem fengu aðstoð við sárameðhöndlun öll þrjú árin.

GRAF 10: ÞJÓNUSTUÞÆTTIR HEIMAHJÚKRUNAR, SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA




Það kemur fram í grafi 11 að yfir 90% þátttakenda í könnunum 2009 og 2011 voru ánægðir með þjónustu heimahjúkrunar, en fækkaði í 81,1% árið 2015. Hlutfallið lækkaði um 3% þegar könnunin árið 2011 var borin saman við könnunina árið 2009 og lækkaði enn árið 2015 um 10% frá árinu 2011.

GRAF 11: ÁNÆGJA/ÓÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTUNA, SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA



Graf 12 sýnir hversu mikið eða lítið þátttakendur töldu að heimahjúkrun stuðli að því að viðkomandi geti búið lengur heima á árunum 2015, 2011 og 2009. Í öllum þrem könnunum sögðu lang flestir að heimahjúkrun hjálpaði þeim mjög mikið og frekar mikið að búa lengur á eigin heimili. Það var fækkun meðal þeirra sem sögðu að það hjálpaði mjög mikið um 16,3% á milli ársins 2009 og 2015 og fjölgun meðal þeirra sem sögðu að það hjálpaði frekar mikið um 8,4%.


GRAF 10: STUÐLAR AÐ ÞVÍ AÐ GETA BÚIÐ LENGUR HEIMA, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Yfirgnæfandi meirihluti svarenda í könnuninum töldu sig fá heimahjúkrun miðað við þörf. Í könnuninni árið 2009 var hlutfall notenda 95,5%, árið 2011 91,6% og árið 2015 84,6% sem töldu sig fá heimahjúkrun miðað við þörf. Fækkun var því rúm 10% milli áranna 2009-2015.

Graf 13 sýnir ánægju eða óánægju þátttakenda með tímasetningu þjónustunnar á árunum 2015, 2011 og 2009. Ánægjan hafði minnkað um 3% þegar árið 2011 var borið saman við 2009 og minnkaði enn frekar árið 2015. Þeim fjölgaði sem voru hvorki ánægðir eða óánægðir.


GRAF 11: ÁNÆGJA/ÓÁNÆGJA MEÐ HVENÆR ÞJÓNUSTAN VAR VEITT, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Þátttakendum sem fengu bæði heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu fækkaði um 22% í könnuninni árið 2011 borið saman við könnunina árið 2009. Árið 2011 var hlutfallið 47,3% og lækkaði í 40,6% árið 2015.


Graf 14 sýnir heimilishagi þátttakenda á árunum 2015, 2011 og 2009. Færri einstaklingar bjuggu með maka í könnuninni 2011 en í könnuninni 2009, munurinn var 7%. Árið 2015 hafði fjölgað í hópi þeirra sem bjuggu með maka og fækkað meðal þeirra sem bjuggu einir, munurinn var 4,2%.

GRAF 12: HEIMILISHAGIR ÞÁTTTAKENDA, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA




Graf 15 sýnir hvernig húsnæði þátttakendur bjuggu í á árunum 2015, 2011 og 2009. Lang flestir bjuggu í eigin húsnæði og þeim fjölgaði aðeins 2015.

GRAF 13: HÚSNÆÐI ÞÁTTTAKENDA, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Graf 16 sýnir svörun þátttakenda, á árunum 2015, 2011 og 2009, á því hvort þeir fengu hjálp við að svara spurningalistanum. Þegar borið var saman hvernig þátttakendur svöruðu spurningalistanum kom í ljós að 10% fleiri svöruðu spurningalistanum einir og 13% fleiri nutu aðstoð ættingja árið 2011 en árið 2009. Það voru því 24% færri sem nýttu sér aðstoð starfsmans árið 2011 en árið 2009 og enn færri nutu aðstoðar starfsmanns árið 2015. Árið 2015 fjölgaði meðal þeirra sem svöruðu spurningalistanum án aðstoðar.

GRAF 14: SVÖRUN Á SPURNINGALISTANUM, SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA



6. SAMANTEKT

Í könnuninni kemur fram að svarendur voru í meirihluta konur eða í 66,4% tilvika. Mikill meirihluti þátttakenda var eldri en 60 ára og stærstu aldurhóparnir voru 81-95 ára. Þátttakendur höfðu í flestum tilfellum fengið þjónustu í langan tíma og ástæða fyrir þjónustunni var jafnframt í flestum tilfellum vegna langvarandi veikinda. Langflestir töldu þjónustuna stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. 84% sögðu að þeir hafi fengið þjónustu miðað við þörf og 10,5% sögðust ekki hafa fengið þjónustu miðað við þörf. Þátttakendur voru í miklum meirihluta ánægðir með þjónustuna eða í 81% tilvika. Rúmlega 60% bjuggu einir og 73,4% í eigin húsnæði auk 13,3% í eigin íbúð ætluð öldruðum. Tæpur helmingur þátttakenda sagðist einnig njóta félagslegrar heimaþjónustu. Könnunin sýnir að um aldraðan hóp er að ræða sem á við töluverðan heilsufarlegan vanda að etja. Þjónustan virðist mæta þörfum þátttakenda í miklum meirihluta og svipað hlutfall (2,9% lægra hlutfall) þátttakenda sögðust ánægðir með þjónustuna.

Samanburður milli árána 2009, 2011 og 2015 á viðhorfum notenda heimahjúkrunar sýnir að nokkrar sveiflur voru á milli ára varðandi hversu oft vitjun heimahjúkrunar var. Nokkrar breytingar voru á því hvernig heimahjúkrun hafði verið háttað, fleiri voru að fá heimahjúkrun í fyrsta sinn og færri höfðu haft heimahjúkrun samfellt í langan tíma. Þátttakendur sögðu ástæðu heimahjúkrunar í minna mæli vera vegna langvarandi veikinda. Flestir sögðust fá aðstoð við böðun eins og áður, þar á eftir aðstoð vegna lyfjanotkunar sem hafði þó fækkað frá árinu 2009. Þeim fækkaði sem nutu aðstoðar við að svara spurningalistanum.

7. VIÐAUKAR

7.1 VIÐAUKI A



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 14.apríl 2015

Kæri viðtakandi !

Í þessu bréfi er farið þess vinsamlega á leit við þig að þú svarir meðfylgjandi spurningalista sem tengist því hvernig notendum með heimahjúkrun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar líkar þjónustan.

Í tilefni breytinga á heimahjúkrun í Reykjavík 2009 með það að markmiði að bæta þjónustu í heimahjúkrun var gerð þjónustukönnun meðal notenda heimahjúkrunar sama ár og aftur 2011. Það hefur verið ákveðið að gera sömu könnun nú til að fylgja eftir markmiði um að bæta þjónustuna.

Spurningalistinn er með 14 spurningum á 4 blaðsíðum. Þegar þú hefur svarað spurningalistanum getur þú sett hann í meðfylgjandi umslag ófrímerkt í póst eða beðið starfsmann heimahjúkrunar um að koma því á réttan stað.

Þér er að sjálfsgöðu frjálst að hafna þátttöku í könnuninni, en til að niðurstöðurnar verði traustar og nothæfar þá er mikilvægt að sem flestir taki þátt. Fullkomnum trúnaði er heitið og upplýsingar sem þú lætur í té verður ekki hægt að rekja til þín. Frekari upplýsingar um könnunina veita Erla Björg Sigurðardóttir í síma 411-9014 og Tinna Björg Sigurðardóttir 411-9096

Virðingarfyllst,

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

7.2 VIÐAUKI B

Könnun á viðhorfum til heimahjúkrunar**1. Hversu oft færð þú heimahjúkrun?**☐ Hálfsmánaðarlega eða sjaldnar☐ Vikulega☐ 2 – 6 sinnum í viku☐ 1 – 3 sinnum á sólarhring☐ 4 sinnum eða oftar á sólarhring**2. Hvers vegna færð þú heimahjúkrun?**☐ Vegna langvarandi veikinda / fötlunar☐ Tímabundið vegna útskriftar af sjúkrahúsi☐ Vegna tímabundinna veikinda / slyss☐ Vegna fæðingar☐ Annað, hvað: _____

3. Hvernig hefur heimahjúkrun verið háttað hjá þér?

- ☐ Ég er að fá heimahjúkrun í fyrsta sinn
- ☐ Ég hef fengið heimahjúkrun samfelld í all langan tíma
- ☐ Ég fæ heimahjúkrun af og til eftir því hvernig heilsufari er háttað
- ☐ Ég hef fengið heimahjúkrun nokkrum sinnum yfir ævina, tímabundið vegna aðstæðna

4. Heimahjúkrunin sem ég fæ er:**Merkið við allt sem við á.**

- ☐ Aðstoð við böðun
- ☐ Aðstoð við að klæðast og/eða hátt
- ☐ Lyfjagjöf
- ☐ Sárameðhöndlun
- ☐ Annað

5. Ert þú ánægð/ur eða óánægð/ur með heimahjúkrunina sem þú færð?

- ☐ Ánægð/ur
- ☐ Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur
- ☐ Óánægð/ur

6. Telur þú að heimahjúkrunin sem þú nýtur hjálpi þér að búa lengur á eigin heimili?

☐ Já, mjög mikið

☐ Já, frekar mikið

☐ Veit ekki

☐ Nei, frekar lítið

☐ Nei, mjög lítið

7. Ert þú að fá þá heimahjúkrun sem þú telur þig þurfa?

☐ Já

☐ Nei

Ef nei, við hvað þarftu frekari aðstoð?

8. Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með á hvaða tíma dags þú færð þjónustuna?

☐ Ánægð/ur

☐ Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur

☐ Óánægð/ur

9. Færð þú félagslega heimaþjónustu?☐ Já☐ Nei**10. Hvaða ár ert þú fædd/ur?** _____**11. Kyn** ☐ Karl ☐ Kona**12. Býrð þú?**☐ Ein/n☐ Með maka☐ Með maka og barni / börnum☐ Með barni / börnum☐ Með maka og öðrum en börnum☐ Með öðrum en maka og börnum

13. Í hvernig húsnæði býrð þú?

- ☐ Eigin íbúð
- ☐ Eigin íbúð – sem er sérstaklega ætluð öldruðum
- ☐ Leiguíbúð á almennum markaði
- ☐ Leiguíbúð hjá Félagsbústöðum
- ☐ Þjónustuíbúð aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar
- ☐ Leiguhúsnæði á vegum félagasamtaka (t.d. ÖBÍ, SEM húsið o.fl.)
- ☐ Annað, hvað: _____

14. Hvernig svaraðir þú þessum spurningalista?

- ☐ Ein/n
- ☐ Með aðstoð ættingja
- ☐ Með aðstoð kunningja / nágranna
- ☐ Með aðstoð starfsmanns heimahjúkrunar
- ☐ Annað, hvað: _____